Ársskýrsla um Fjörubreytingar í Víkur-Fagradals- og Höfðafjöru

ÁGÚST 2022 - ÁGÚST 2023

Jóhannes Marteinn Jóhannesson

Skýrsla unnin fyrir Mýrdalshrepp og LavaConcept Iceland ehf

Efnisyfirlit

Töflur 1
Gröf 2
Myndir 3
1. Rannsóknaráætlun 5
2. Ölduhæð, sjávarstaða og veðrátta 7
3. Niðurstöður mælinga ágúst 2022 – ágúst 2023 9
3.1. Viðmið um rof í fjörunum 9
3.2. Snið, breidd og rúmmál hvers sniðs 11
3.2.1. Snið 1 15
3.2.2. Snið 2 17
3.2.3. Snið 3 19
3.2.4. Snið 4 21
3.2.5. Snið 5 23
3.2.6. Snið 6 25
3.2.7. Snið 7 27
3.2.8. Snið 8 29
3.2.9. Snið 9 31
3.2.10. Snið 10 33
3.2.11. Snið 11 35
3.3. Breytingar á fjörukambi 37
4. Viðaukar 44
4.1. Viðauki 1 – GPS upplýsingar og kort 44
4.2. Viðauki 2 – RMAP útreikningar á rúmmáli sniða 45
4.3. Viðauki – samanburður mælingaárs 2021-2022 og 2022-2023 50

Töflur

Tafla 1 sýnir litakóðana fyrir hvern mánuð á mælingaárinu ágúst 2022 – ágúst 2023 10
Tafla 2 sýnir litakóðana og viðmið hvers kóða 10
Tafla 3 og Tafla 4 sýna breytingar á breidd sniðanna (B) í metrum og á rúmmáli sniðanna í m/m. Breidd sniðanna er reiknuð út í 1 metra hæð yfir sjávarmáli. Merkt er „NA“ þegar mæling var ekki tekin eða ef mæling náði ekki niður í 1 metra yfir sjávarmáli 11
Tafla 5 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 1 á tímabilinu 16
Tafla 6 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 2 á tímabilinu 18

Tafla 7 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 3 á tímabilinu.....20
Tafla 8 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 4 á tímabilinu.....22
Tafla 9 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 5 á tímabilinu.....24
Tafla 10 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 6 á tímabilinu.....26
Tafla 11 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 7 á tímabilinu.....28
Tafla 12 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 8 á tímabilinu.....30
Tafla 13 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 9 á tímabilinu.....32
Tafla 14 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 10 á tímabilinu.....34
Tafla 15 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 11 á tímabilinu.....36
Tafla 16 sýnir samanlagt landbrot við hvert snið.....37
Tafla 17 sýnir heildarflatarmál landbrots á milli hvers sniðs.....38
Tafla 18 sýnir rúmmál sniða 1-11 yfir bæði mælingaárin. Útreikningar á rúmmáli hvers sniðs hefur verið aðlagaðir að báðum árunum og sýna því rétta þróun. Rúmmálið er sýnt sem m/m og NA stendur fyrir að ekki var mæling gerð á því sniði.....51
Tafla 19 sýnir breidd sniða 1-11 yfir bæði mælingaárin. Breiddin er í metrum og NA stendur fyrir að ekki var mæling gerð á því sniði eða mæling náði ekki niður fyrir 1 metra hæð.....52

Gröf

Graf 1 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).....16
Graf 2 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).....18
Graf 3 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).....20
Graf 4 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).....22
Graf 5 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).....24
Graf 6 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).....26
Graf 7 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).....28
Graf 8 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).....30
Graf 9 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).....32
Graf 10 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).....34
Graf 11 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).....36
Graf 12 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína). Eins og sjá má er línan neikvæð á öllum sniðum nema sniði 7, sem þó hefur minna rúmmál í ágúst 2023 en það hafði í ágúst 2021.....52

Myndir

Mynd 1 sýnir staðsetningu sniðanna ellefu í Víkur-, Fagradals-, og Höfðafjöru. Gervitungalmynd frá Google. 6
Mynd 2 sýnir staðsetningu 8 sniða við strandlínuna við Vík, ásamt efnistökusvæðum E1 og E21. Gervitungalmynd frá Google. 6
Mynd 3 Sýnir staðsetningu sniðanna þriggja við strandlínuna sunnan við Hjörleifshöfða. Gervitungalmynd frá Google. 7
Mynd 4 sýnir öldurós fyrir mælingaárið 2022-2023. Ríkjandi ölduátt var suðsuðvestan alda, rétt yfir 30%, en suðaustan alda var einnig algeng eða rétt undir 30%. Suðsuðvestan aldan var að jafnaði með hærri ölduhæð, og var nokkuð um háa ölduhæð úr sunnan öldunni einnig. Öldugögnin koma úr punkti V (Víkurfjara) úr ölduspá á grunnslóð frá Vegagerðinni. 8
Mynd 5 sýnir öldurós fyrir tímabilið á milli 18. desember til 31. mars á árunum 2020-2021, 2021-2022 (miðja), og 2022-2023 (hægri). Vel má sjá hversu lægri ölduhæðin var nú miðað við árin tvö á undan og suð-austan alda mun algengari. Öldugögnin koma úr punkti V (Víkurfjara) úr ölduspá á grunnslóð frá Vegagerðinni. 8
Mynd 6 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá ágúst 2022 til ágúst 2023. 12
Mynd 7 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá október 2022 til ágúst 2023. 13
Mynd 8 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2022 og ágúst 2023. 13
Mynd 9 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2022 og ágúst 2023. 14
Mynd 10 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022. 15
Mynd 11 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022. 17
Mynd 12 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022. 19
Mynd 13 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022. 21
Mynd 14 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022. 23
Mynd 15 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022. 25
Mynd 16 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022. 27
Mynd 17 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022. 29
Mynd 18 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022. 31
Mynd 19 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022. 33

Mynd 20 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022. 35
Mynd 21 sýnir mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 1 og 2. Þrjár mælingar hafa verið gerðar á fjörukambinum, en sú fyrsta var gerð 24. febrúar 2022. Mælingar á mælingaárinu 2022-2023 voru gerðar 28. ágúst 2022 og 9. september 2023 og eru þær mælingar bornar saman. 38
Mynd 22 sýnir mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 2 og 3. Þrjár mælingar hafa verið gerðar á fjörukambinum, en sú fyrsta var gerð 24. febrúar 2022. Mælingar á mælingaárinu 2022-2023 voru gerðar 28. ágúst 2022 og 9. september 2023 og eru þær mælingar bornar saman. 39
Mynd 23 sýnir mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 3 og 4. Þrjár mælingar hafa verið gerðar á fjörukambinum, en sú fyrsta var gerð 24. febrúar 2022. Mælingar á mælingaárinu 2022-2023 voru gerðar 28. ágúst 2022 og 9. september 2023 og eru þær mælingar bornar saman. 39
Mynd 24 sýnir mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 4 og 5. Þrjár mælingar hafa verið gerðar á fjörukambinum, en sú fyrsta var gerð 24. febrúar 2022. Mælingar á mælingaárinu 2022-2023 voru gerðar 28. ágúst 2022 og 9. september 2023 og eru þær mælingar bornar saman. 40
Mynd 25 sýnir mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 5 og 6. Þrjár mælingar hafa verið gerðar á fjörukambinum, en sú fyrsta var gerð 24. febrúar 2022. Mælingar á mælingaárinu 2022-2023 voru gerðar 28. ágúst 2022 og 9. september 2023 og eru þær mælingar bornar saman. 40
Mynd 26 sýnir mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 6 og 7. Þrjár mælingar hafa verið gerðar á fjörukambinum, en sú fyrsta var gerð 24. febrúar 2022. Mælingar á mælingaárinu 2022-2023 voru gerðar 28. ágúst 2022 og 9. september 2023 og eru þær mælingar bornar saman. 41
Mynd 27 sýnir mælingarnar við fjörukambinn á milli sniða 7 og 8. Þrjár mælingar hafa verið gerðar á fjörukambinum, en sú fyrsta var gerð 24. febrúar 2022. Mælingar á mælingaárinu 2022-2023 voru gerðar 28. ágúst 2022 og 9. september 2023 og eru þær mælingar bornar saman. 41
Mynd 28 sýnir fjörukambinn við snið 2 og sýnir dæmi um rofabarð sem myndar fjörukamb. 42
Mynd 29 sýnir fjörukambinn á milli sniða 5 og 6, en þar er fjörukamburinn að hluta til leifar af sandöldu sem búið er rjúfa úr sjávar megin. 42
Mynd 30 sýnir hluta af flóðvarnargarðinum á milli sniða 1 og 2, sem er í raun orðinn fjörukamburinn á því svæði 43
Mynd 31 sýnir fjörukambinn milli sniða 6 og 7. Þar er í raun enginn eiginlegur fjörukambur, en gróður er byrjaður að mynda kamb sem mun halda áfram að hækka ef sjór nær ekki að honum. Þá eru stakar sandöldur oft til staðar fyrir aftan fjörukambinn á svona svæðum. 43
Mynd 32 sýnir allar mælingar á sniðum 1-8 síðustu tvö mælingartímabil. 50
Mynd 33 sýnir allar mælingar á sniðum 9-11 síðustu tvö mælingartímabil. 51
Mynd 34 sýnir ölduskífur fyrir mælingaárin tvö. 53

1. Rannsóknaráætlun

Rannsóknin hófst í ágústmánuði 2021 og mun standa yfir á meðan efnistöku stendur úr námum af hálfu LavaConcept ehf. Markmið rannsóknarinnar er að vakta fjörurnar og rannsaka áhrif efnistöku úr efnisnámum á stöðuleika strandarinnar.


Rannsóknin á strandlínunni stendur saman af eftirfarandi:

1. Mánaðarlegar mælingar á 8 sniðum í fjörunum við fyrirhuguð efnistökusvæði í Víkur- og Fagradalsfjöru (mynd 1 og 2) og þremur sniðum í Höfðafjöru sunnan við Hjörleifshöfða (mynd 1 og 3).
2. Mælingar á sniðum í Víkur- og Fagradalsfjöru fyrir og eftir storma
3. Athugun á kornastærðardreifingu í fjörunni fari fram samhliða mælingum á sniðunum og kornastærðarsýni við hvert snið tekin einu sinni á ári.
4. Ljósmyndir teknar af myndformum við sniðin og fjörunni lýst
5. Mæling á stöðu fjörukambsins


Átta snið voru sett upp í kringum efnistökusvæðin í Víkur- og Fagradalsfjöru (mynd 1 og 2) í ágúst 2021 og 3 til viðbótar sunnan við Hjörleifshöfða (mynd 1 og 3) í október sama ár. Sniðin hafa síðan verið mæld mánaðarlega og fást þá gögn sem hægt er að útfæra yfir styttri og lengri tímabil varðandi breytingar á fjörunni. Sniðin tryggja að fylgst sé með strandlínunni við efnistökusvæðin bæði austan og vestan við þau. Með dreifingu sniðanna næst mynd af ástandi strandlengjunnar við efnistökusvæðin og þá tryggja mánaðarlegar mælingar það að hægt sé að grípa inn í atburðarrásina fljótt ef þess þarf. Þá munu sniðin í Höfðafjöru segja til um stöðuleika fjörunnar þar og hvort efnisflutningar þaðan hafi áhrif á Víkur- og Fagradalsfjöru.

Sniðin sjálf eru mæld með nákvæmu Topcon GPS tæki, en +/- á tækinu eru 0,005 m í lóðrétt (hæð) og 0,008 m í lárétt (fjarlægð). Mælingin fer þannig fram að GPS punktur er tekinn þar sem breyting í halla fjörunnar á sér stað. Með þessum punktum er síðan hægt að búa til yfirborð fjörunnar og út frá þeim upplýsingum má reikna rúmmál og breidd fjörunnar, en þeir útreikningar gefa síðan niðurstöður um hvort að rof og landbrot sé að eiga sér stað við fjöruna eða ekki. Hugtökin rof og landbrot koma oft fyrir í skýrslunni, en rof merkir það að efni sé fjarlægt úr fjörunni af öldu og flyst annað. Rof á sér stað yfirleitt á svæði sem er sífellt á færslu og því er þetta ekki varanlegt rof, þ.e.a.s. alda getur flutt sand þangað aftur og fjaran getur jafnað sig. Landbrot hins vegar er það þegar rof verður á landi sem vanalega er stöðugt og alda flytur að öllu jöfnu ekki sand á það svæði. Slík svæði eru t.d. fjörukambar sem hafa byggst upp á undanförnum áratugum. Fjaran getur því jafnað sig fljótt af rofi, dagar eða vikur, en seint af landbroti, ár eða áratugir.

Í þessari ársskýrslu er mælingaárið ágúst 2022-2023 tekið saman og farið yfir breytingar á fjörunni og fjörukambinum. Þá má finna samanburði við mælingaárið á undan í viðauka.



Mynd 1 sýnir staðsetningu sniðanna ellefu í Víkur-, Fagradals-, og Höfðafjöru. Gervitungalmynd frá Google.



Mynd 2 sýnir staðsetningu 8 sniða við strandlínuna við Vík, ásamt efnistökusvæðum E1 og E21. Gervitungalmynd frá Google..




Mynd 3 Sýnir staðsetningu sniðanna þriggja við strandlínuna sunnan við Hjörleifshöfða. Gervitungalmynd frá Google.


2. Ölduhæð, sjávarstaða og veðrátta

Ríkjandi ölduátt á mælingaárinu ágúst 2022 – ágúst 2023 var úr suðsuðvestri, rétt yfir 30%, en þar á eftir úr suðaustri, rétt undir 30% (mynd 4). Veturinn var nokkuð stormasamur, sérstaklega úr suðsuðvestri og suðri, en þó mildari en árið áður. Meðalölduhæð á mælingaárinu var 1,6 m og hæsta aldan var 5,19 metrar þann 31. janúar 2023.

Tímabilið desember til mars er yfirleitt stormasamasta tímabilið á hverju ári og urðu nokkrir stormar á því tímabili á þessu mælingaári. Stór hluti þess landbrots og rofs sem varð í fjörunum varð á þessu tímabili og spilar tímabilið því lykilhlutverki í þróun strandlínunnar. Á mynd 5 má sjá samanburð síðustu þriggja ára á ölduhæð og stefnu á tímabilinu 18. desember til 31. mars. Eins og sjá má var ölduhæðin töluvert lægri nú en árin tvö á undan, og þá var suð-austan aldan mun algengari einnig, þrátt fyrir að ríkjandi ölduhátt hafi verið áfram suðsuðvestan alda. Landbrotið og rofið nú á mælingaárinu var ekki jafn mikið og árið á undan, og gæti lægri ölduhæð og ekki jafn algeng suðsuðvestan alda spilað þar stóran þátt.



Mynd 4 sýnir öldurós fyrir mælingaárið 2022-2023. Ríkjandi ölduátt var suðsuðvestan alda, rétt yfir 30%, en suðaustan alda var einnig algeng eða rétt undir 30%. Suðsuðvestan aldan var að jafnaði með hærri ölduhæð, og var nokkuð um háa ölduhæð úr sunnan öldunni einnig. Öldugögnin koma úr punkti V (Víkurfjara) úr ölduspá á grunnslóð frá Vegagerðinni.



Mynd 5 sýnir öldurós fyrir tímabilið á milli 18. desember til 31. mars á árunum 2020-2021, 2021-2022 (miðja), og 2022-2023 (hægri). Vel má sjá hversu lægri ölduhæðin var nú miðað við árin tvö á undan og suð-austan alda mun algengari. Öldugögnin koma úr punkti V (Víkurfjara) úr ölduspá á grunnslóð frá Vegagerðinni.

3. Niðurstöður mælinga ágúst 2022 – ágúst 2023

Fyrsta mæling á Víkur- og Fagradalsfjöru var gerð þann 28. ágúst 2022 og í Höfðafjöru þann 27. ágúst 2022. Síðasta mælingin á fjörunum var síðan gerð þann 20. ágúst 2023, bæði í Víkur- og Fagradalsfjöru og í Höfðafjöru. Þegar mælingar hófust fyrir mælingaárið var staðan á strandlínunni nokkuð slæm, bæði vegna þess að veturinn hafði verið stormasamur og valdið töluverðu landbroti við flest snið, og vegna ríkjandi suðvestan öldu yfir sumartímann en hún olli töluverðu rofi í vestari hluta fjörunnar við snið 1 og 2 sem leiddi seinna af sér töluvert landbrot. Landbrot varð að einhverju leiti við öll snið á mælingaárinu, mismikið þó og ekki varð jafn slæmt landbrot og veturinn á undan. Þá var einnig töluvert um það að fjörukamburinn og efri hluti fjörunnar yrði fyrir rofi vegna vinds, og lækkuðu snið 3 og 11 sérstaklega vegna þessa. Staðan á sniðunum í lok mælingaársins miðað við í upphaf þess var misjöfn á milli sniða, þar sem fimm sniðanna voru rúmmálsmeiri í lok mælingaársins en við upphaf þess á meðan hin sex sniðin voru rúmmálsminni.

3.1. Viðmið um rof í fjörunum

Litakóði hefur verið þróaður til að segja til um stöðu fjörunnar og þá hvort að efnistaka þaðan væri æskileg eða ekki. Tíðni storma, sérstaklega suðvestan og suð-suðvestan stormar, er það sem hefur mest um að segja varðandi stöðuleika fjörunnar og geta þeir valdið miklum breytingum á fjörunni sem og landbroti. Það er breidd og hæð fjörunnar sem segir mest til um hvort fjaran geti staðið af sér slíka storma, en efnistaka úr fjörunni getur haft áhrif á þessar tvær breytur, og því æskilegt að efnistaka sé ekki í gangi í fjörunni þegar hún er viðkvæm og hætta á landbroti er fyrir hendi. Slíkar aðstæður eru líklegastar að vera til staðar um hávetur, desember til mars, þegar tíðni storma er há, en geta þó myndast fyrr á árinu eða haldist eftir helsta stormatímabilið.

Litakóðinn skiptist niður í 4 liti, grænn, gulan, rauðan og svartan, og fer það eftir breytingum á rúmmáli og fjörubreidd hvaða lit hvert snið fær. Hægt er að sjá litakóðann fyrir hvert snið við hverja mælingu í töflu 1 og skilgreining fyrir hvern lit má finna í töflu 2. Til að ákvarða litakóðann við hverja mælingu er rúmmál og breidd fjörunnar reiknað og það borið saman við mælinguna í ágúst hvert mælingaár. Það er gert vegna þess að fjaran hefur verið að hopa nokkuð jafnt síðan um 1970, því er mikilvægt að endursetja kerfið á hverju ári. Það er vegna þess að fjörurnar munu líklega aldrei ná sömu stærð og þær voru í sumarið fyrir stormasaman vetur, með öðrum orðum, rofið og landbrotið getur orðið það mikið yfir einn stormasaman vetur, að ef kerfið yrði ekki endursett þá yrðir litakóði hvers sniðs ávallt rauður þar sem fjaran mun seint eða aldrei ná að bæta við sig aftur því rúmmáli sem tapaðist.

Tafla 1 sýnir litakóðana fyrir hvern mánuð á mælingaárinu ágúst 2022 – ágúst 2023

	Snið 1	Snið 2	Snið 3	Snið 4	Snið 5	Snið 6	Snið 7	Snið 8	Snið 9	Snið 10	Snið 11
ágúst											
september											
október											
nóvember											
desember											
janúar									NA	NA	NA
febrúar											
mars											
apríl											
maí											
júní											
júlí											
ágúst											

Tafla 2 sýnir litakóðana og viðmið hvers kóða

Fjara stöðug	Staðan á fjörunni er góð. Þegar miðað er við mælingu í ágúst þá hefur rúmmál fjörunnar aukist eða ekki minnkað meira en 250 m/m, og breidd fjöru hefur aukist eða ekki minnkað meira en um 5 metra. Sniðið er hátt og breitt og lítil hætta á landbroti – efnistaka ætti ekki að hafa áhrif á stöðuleika fjörunnar
Tímabundnar sveiflur í stöðuleika	Staðan á fjörunni er ágæt en fer versnandi. Ef miðað er við ágúst mælingu þá hefur rúmmál fjörunnar ekki minnkað meira en 800 m/m og/eða breidd fjöru hefur ekki minnkað meira en 10 metra. Sniðið fer lækkandi og breiddin minnkandi. Ekki mikil hætta á landbroti, en eykst ef þróunin heldur áfram – efnistaka ætti ekki að hafa áhrif á stöðuleika fjörunnar, en ef staðan á fjörunni heldur áfram að versna gæti það breyst
Miklar, langvarandi og/eða endurteknar breytingar	Staðan á fjörunni er slæm. Ef miðað er við mælingu í ágúst þá hefur rúmmál fjörunnar minnkað meira en 800 m/m og breiddin meira en 10 metra. Sniðið hefur lækkað mikið ásamt því að breiddin hefur minnkað, sem veldur hættu á landbroti – efnistaka gæti haft neikvæð áhrif á stöðuleika fjörunnar og æskilegt væri að stöðva efnistöku þangað til sniðið hefur jafnað sig
Landbrot	Landbrot hefur átt sér stað, þ.e.a.s. rof hefur orðið við fjörukamb, sem er meira en 1 metri, og eru enn líkur á að það haldi áfram – stöðva ætti efnistöku þangað til að fjaran hefur jafnað sig

Tafla 3 og Tafla 4 sýna breytingar á breidd sniðanna (B) í metrum og á rúmmáli sniðanna í m/m. Breidd sniðanna er reiknuð út í 1 metra hæð yfir sjávarmáli. Merkt er „NA“ þegar mæling var ekki tekin eða ef mæling náði ekki niður í 1 metra yfir sjávarmáli

	Snið 1		Snið 2		Snið 3		Snið 4		Snið 5		Snið 6		Snið 7		Snið 8	
	B	R	B	R	B	R	B	R	B	R	B	R	B	R	B	R
ágúst	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0
sept	11,4	181	3,5	190	-4,0	-1	-4,4	232	16,6	434	1,2	-25	0,2	461	-3,5	-92
okt	22,9	451	-8,1	-1.178	-1,4	927	0,9	855	26,1	1.263	8,2	588	-0,3	733	-3,9	119
nóv	55,4	4.219	6,1	700	-5,1	243	-20,4	-5.433	-11,2	-2.406	-19,1	-1.633	64,5	1.768	19,9	3.616
des	45,7	4.191	-3,6	-988	-9,1	-575	-38,4	-430	-1,1	-2.126	-18,8	-565	31,1	384	1,4	3.288
jan	77,3	5.580	-1,5	451	-12,0	332	-23,4	693	-8,4	-2.244	3,0	561	79,3	3.225	17,3	2.482
feb	14,7	649	-3,8	-1.486	-15,1	-1.314	3,4	2.418	2,5	-1.063	14,4	1.264	-7,2	-862	-66,9	-5.088
mar	79,9	4.741	1,4	-723	-26,6	-2.645	5,1	2.610	-7,6	-2.127	-11,6	-605	-2,5	3.177	-42,7	-3.028
apr	37,4	3.102	27,9	1.912	-13,5	-1.277	11,6	3.223	-5,7	-1.914	-45,5	-4.019	2,2	1.668	-36,9	-629
maí	19,3	1.277	25,1	2.866	-18,5	-959	0,5	2.727	-8,9	-2.196	-16,0	-2.232	58,9	1.060	-1,4	325
júní	8,2	137	10,9	973	-19,2	-1.563	5,0	2.378	-8,9	-1.548	-13,3	-2.203	57,1	2.113	24,1	1.008
júlí	17,2	1.487	14,4	1.211	-12,9	-1.490	1,4	2.316	5,9	-1.196	-18,1	-2.596	76,0	2.179	14,7	1.040
ágúst	18,5	2.200	12,9	1.315	-9,5	-1.254	2,9	2.233	4,6	-731	-21,4	-2.617	75,8	2.391	17,2	1.468

	Snið 9		Snið 10		Snið 11	
	B	R	B	R	B	R
ágúst	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
sept	2,8	125	3,5	325	9,5	151
okt	10,0	1519	-7,8	23	10,5	689
nóv	0,3	1466	-24,9	-3.082	9,9	1.550
des	2,3	2410	-41,0	-3.387	-36,6	-1.586
jan	NA	NA	NA	NA	NA	NA
feb	-36,0	-2204	16,4	1.301	-56,8	-5.191
mar	-19,6	-833	-1,2	267	-22,9	-2.887
apr	-19,0	-1517	-24,5	-2.155	-22,9	-1.099
maí	-47,2	-3402	-30,8	-3.325	-29,8	-3.333
júní	-51,4	-2232	-61,6	-7.416	-44,5	-3.351
júlí	-50,5	-1361	-52,6	-4.914	-43,6	-2.484
ágúst	-49,4	-1122	-52,3	-3.462	-44,6	-2.230

3.2. Snið, breidd og rúmmál hvers sniðs


13 mælingar voru gerðar á mælingaárinu, og má sjá mælingarnar í gröfum á mynd 6 og 7. Vegna fjölda mælinga er erfitt að sjá þróun fjörunnar yfir mælingaárið. Til að sjá betur muninn var gert svokallað „envelope of change“ sem hægt væri að útleggja á íslensku sem „umfang breytinga“ yfir mælingaárið og má sjá á myndum 8 og 9. Þar eru teknar saman allar mælingarnar, en í staðinn fyrir að það sé lína fyrir hverja mælingu þá eru toppar og botnar alla mælinganna sameinaðir og breytingarnar sjást því betur. Síðan er bætt við mælingunum í ágúst 2022 og ágúst 2023 til að sjá enn betur breytingarnar yfir árið.

Eins og sjá má á myndum 8 og 9 þá hafa breytingarnar á sniðunum verið miklar yfir mælingaárið. Það rof sem varð á sniðunum yfir vetrartíman hefur þó náð sér til baka í mörgum tilvikum, þótt að landbrotið hafi ekki náð sér til baka að neinu leyti í flestum tilvikum. Eins og sjá má þá eru 7 af 11 sniðum lægri, þ.e.a.s. styttri og með minna rúmmál, í ágúst 2023 en í ágúst 2022, en snið 1, 2, 4, 7 og 8 bættu við sig á mælingaárinu.


Lágmarkið í sniðunum var að öllu jöfnu á milli desember og mars, enda landbrot þá mikið, en síðan þá hafa sniðin aðeins byrjað að bæta við sig, misjafnlega þó. Snið 1 og 2 jöfnuðu sig ágætlega á seinni hluta mælingartímabilsins, en á fyrri hluta þess varð landbrot við snið 2 og rof við bæði sniðin. Snið 3 og 4 fóru hvað verst úr landbrotinu á árinu á undan, en hafa jafnað sig nokkuð vel, sérstaklega snið 4. Snið 5 og 6 eru enn mjög brött við fjörukambinn, og hafa ekki náð að byggja sig mikið upp aftur eftir landbrotið um veturinn og því hugsanlegt að landbrot haldi þar áfram. Snið 7 og 8 eru í ágætis málum, bættu bæði við sig í breidd og rúmmáli. Útfallið á Kerlingadalsá og Múlakvísl er rétt austan við sniðin og virðist stjórna stöðunni þar. Töluvert rof verður á sniðunum yfir háveturinn, en þau hafa verið fljót að jafna sig á vorin, og spilar efnisburður úr ánum líklega stærsta hlutverkið þar. Snið 9 og 10 héldu áfram að verða fyrir

landbroti og minnkun á mælingaárinu, sérstaklega snið 10. Þróunin á sniði 11 var öllu jákvæðari, en lækkaði þó töluvert á tímabilinu.


Til að sjá enn betur þær breytingar sem hafa orðið á fjörunni yfir mælingaárið, er hvert snið skoðað fyrir sig. Tvær breytur voru notaðar til þess að fylgjast með sniðunum, breidd og rúmmál. Breidd fjörunnar við hvert snið var reiknuð í eins (1) metra hæð í gamla landshæðarkerfinu en rúmmálið í núlli (0). Breidd sniða til rúmmálsreikninga var breytilegt eftir sniðum og má sjá í viðauka 2.




Mynd 6 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá ágúst 2022 til ágúst 2023.



Mynd 7 sýnir yfirborð fjörunnar við mælingarnar frá október 2022 til ágúst 2023.




Mynd 8 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2022 og ágúst 2023.



Mynd 9 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2022 og ágúst 2023.

3.2.1. Snið 1




Mynd 10 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022.

Snið 1 var í frekar slæmu ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 10), 17 m á breidd og með rúmmál upp á 5.374 m/m, og var það bæði minnsta breidd og rúmmál sem sniðið hafði á mælingaárinu. Breiddin fór mest í 96,8 m og rúmmálið í 10.954 m/m í mars og apríl, en endar í ágúst í 35,5 m á breidd og rúmmál

upp á 7.574. Sniðið breikkaði því um 18,5 m á mælingaárinu og rúmmálið jókst um 2.200 m/m (tafla 7). Ekkert landbrot varð vegna öldu, en smá landbrot varð vegna foks, eða um 1,8 metrar, og rofnaði lítill gróðurspilda vegna þess ofarlega í fjörunni. Eins og sjá má í töflu 7 og á grafi 1, þá var nokkuð stöðugur vöxtur á sniðinu fram í janúar, en í febrúar varð mikið rof sem jafnaði sig yfir næstu tvö mánuði, en síðan var nokkuð stöðugt rof við sniðin fram á sumar áður en það byrjaði að aukast aðeins aftur. Þróunin á sniðinu er jákvæð, og sérstakleg það að ekkert frekara landbrot átti sér stað. Vöxturinn við snið 1 er háður ríkjandi öldustefnu, en suð-vestan aldan veldur rofi á meðan suð-austan veldur uppbyggingu við sniðið, og skýrir það fyrst vöxt við sniðið sem snýst síðan yfir í rof.


Tafla 5 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 1 á tímabilinu

Snið 1	breidd (m)	mismunur frá ágúst (m)	mismunur milli mánaða (m)	Rúmmál (m/m)	mismunur frá ágúst (m/m)	mismunur milli mánaða (m/m)
ágúst 2022	17,0			5.374		
sept 2022	28,4	11,4	11,4	5.555	181	181
október 2022	39,9	22,9	11,6	5.825	451	270
nóvember 2022	72,3	55,4	32,4	9.593	4.219	3.768
desember 2022	62,7	45,7	-9,7	9.565	4.191	-28
janúar 2023	94,3	77,3	31,6	10.954	5.580	1.389
febrúar 2023	31,6	14,7	-62,6	6.023	649	-4.931
mars 2023	96,8	79,9	65,2	10.115	4.741	4.092
apríl 2023	54,4	37,4	-42,4	8.476	3.102	-1.639
maí 2023	36,2	19,3	-18,2	6.651	1277	-1.825
júní 2023	25,1	8,2	-11,1	5.511	137	-1.140
júlí 2023	34,2	17,2	9,1	6.861	1487	1.350
ágúst 2023	35,5	18,5	1,3	7.574	2.200	713



Graf 1 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).

3.2.2. Snið 2




Mynd 11 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022.

Snið 2 var í mjög slæmu ásigkomulagi í upphafi mælingaársins (mynd 11), 9,3 m á breidd og með rúmmál upp á 4.060 m/m. Breiddin fór minnst í 1,2 m og rúmmálið í 2.574 m/m í mars, en endar í 22,1 m á breidd og rúmmál upp á 5.375 m/m. Sniðið lengdist því um 12,9 m á mælingaárinu og rúmmálið jókst

um 1.315 m/m (tafla 8). Sniðið bætti því við sig á mælingaárinu, en það má á stórum hluta rekja til framkvæmda fyrir framan sniðin milli mælinganna í apríl og maí. Þá var byrjað að byggja sjóvarnargarð í fjörunni, og bættist við töluvert af efni neðarlega í fjörunna vegna þeirra framkvæmda. Þá varð töluvert landbrot við sniðið frá september og fram í janúar, og varð heildarlandbrotið 10,5 m á mælingaárinu. Eftir mælinguna í janúar hefur ekki orðið landbrot við sniðið og er það jákvæð þróun, sem og breiddar og rúmmálsaukningin og er vonandi að hún haldi áfram (graf 2).


Tafla 6 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 2 á tímabilinu

Snið 2	breidd (m)	mismunur frá ágúst (m)	mismunur milli mánaða (m)	Rúmmál (m/m)	mismunur frá ágúst (m/m)	mismunur milli mánaða (m/m)
ágúst 2022	9,3			4.060		
sept 2022	12,8	3,5	3,5	4.250	190	190
október 2022	1,2	-8,1	-11,6	2.882	-1.178	-1.368
nóvember 2022	15,4	6,1	14,3	4.760	700	1.878
desember 2022	5,7	-3,6	-9,8	3.072	-988	-1.688
janúar 2023	7,8	-1,5	2,2	4.511	451	1.439
febrúar 2023	5,5	-3,8	-2,4	2.574	-1.486	-1.937
mars 2023	10,7	1,4	5,2	3.337	-723	763
apríl 2023	37,2	27,9	26,5	5.972	1.912	2.635
maí 2023	34,4	25,1	-2,8	6.926	2.866	954
júní 2023	20,2	10,9	-14,2	5.033	973	-1.893
júlí 2023	23,6	14,4	3,5	5.271	1.211	238
ágúst 2023	22,1	12,9	-1,5	5.375	1.315	104



Graf 2 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).

3.2.3. Snið 3




Mynd 12 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022.

Snið 3 var í ágætu ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 12), 30,7 m á breidd og með rúmmál upp á 10.501 m/m. Breiddin fór minnst í 4,1 m og rúmmálið í 7.856 m/m í mars, en endar í 21,1 m á breidd og rúmmál upp á 9.247 m/m. Sniðið styttist því um 9,5 m á mælingaárinu og rúmmálið minnkar um 1.254

m/m (tafla 9). Þá varð einnig mikið landbrot við sniðið vegna vindrofs, eða 7,7 metrar, sem lækkaði sniðið mikið. Eftir landbrotið á mælingaárinu 2021-2022, er enginn eiginlegur fjörukambur við sniðið en á mælingaárinu nú varð ekkert landbrot ofarlega við sniðið vegna öldu. Sniðið var nokkuð stöðugt yfir tímabilið, en hvorki átti sér stað mikið rof né mikil viðbót við sniðið. Rofið á milli febrúar og mars hefur aðeins náð sér til baka að litlu leyti en hefur þó hægt og bítandi verið að bæta við sig (graf 3). Það er hins vegar áhyggju efni að sniðið styttist og rúmmálið minnkar yfir tímabilið, annað árið í röð.


Tafla 7 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 3 á tímabilinu

Snið 3	breidd (m)	mismunur frá ágúst (m)	mismunur milli mánaða (m)	Rúmmál (m/m)	mismunur frá ágúst (m/m)	mismunur milli mánaða (m/m)
ágúst 2022	30,7			10.501		
sept 2022	26,7	-4,0	-4,0	10.500	-1	-1
október 2022	29,3	-1,4	2,6	11.428	927	928
nóvember 2022	25,6	-5,1	-3,7	10.744	243	-684
desember 2022	21,6	-9,1	-4,0	9.926	-575	-818
janúar 2023	18,7	-12,0	-2,9	10.833	332	907
febrúar 2023	15,6	-15,1	-3,1	9.187	-1.314	-1.646
mars 2023	4,1	-26,6	-11,5	7.856	-2.645	-1.331
apríl 2023	17,2	-13,5	13,1	9.224	-1.277	1.368
maí 2023	12,1	-18,5	-5,0	9.542	-959	318
júní 2023	11,5	-19,2	-0,7	8.938	-1.563	-604
júlí 2023	17,8	-12,9	6,3	9.011	-1.490	73
ágúst 2023	21,1	-9,5	3,3	9.247	-1.254	236



Graf 3 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).

3.2.4. Snið 4




Mynd 13 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022.

Snið 4 var í nokkuð slæmu ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 13), eftir mikið landbroti veturinn á undan. Við upphaf mælingaársins var sniðið 20,8 m á breidd og með rúmmál upp á 12.836 m/m. Breiddin fór minnst í -17,7,3 m í desember og rúmmálið í 7.403 m/m í nóvember, en endar í 23,6 m á breidd og rúmmál upp á 15.069 m/m. Sniðið lengdist því um 2,9 m á mælingaárinu og rúmmálið jókst

um 2.233 m/m (tafla 10). Þróunin á sniðið er því jákvæð (graf 4) og sérstaklega hversu mikið sniðið hefur hækkað sig um miðbik fjörunnar. Svipuð þróun var efst á sniðinu eins og við snið 3, þar sem mikið vindrof lækkað fjöruna þar en olli ekki jafn miklu landbroti, eða um 3,1 m. Ekkert landbrot varð hins vegar vegna öldu og sniðið heldur áfram að jafna sig eftir hið mikla landbrot sem varð á mælingaárinu 2021-2022.


Tafla 8 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 4 á tímabilinu

Snið 4	breidd (m)	mismunur frá ágúst (m)	mismunur milli mánaða (m)	Rúmmál (m/m)	mismunur frá ágúst (m/m)	mismunur milli mánaða (m/m)
ágúst 2022	20,8			12.836		
sept 2022	16,3	-4,4	-4,4	13.068	232	232
október 2022	21,7	0,9	5,3	13.691	855	623
nóvember 2022	0,4	-20,4	-21,3	7.403	-5.433	-6.288
desember 2022	-17,7	-38,4	-18,1	12.406	-430	5.003
janúar 2023	-2,6	-23,4	15,1	13.529	693	1.123
febrúar 2023	24,1	3,4	26,7	15.254	2.418	1.725
mars 2023	25,9	5,1	1,8	15.446	2.610	192
apríl 2023	32,4	11,6	6,5	16.059	3.223	613
maí 2023	21,3	0,5	-11,1	15.563	2.727	-496
júní 2023	25,8	5,0	4,5	15.214	2.378	-349
júlí 2023	22,2	1,4	-3,6	15.152	2.316	-62
ágúst 2023	23,6	2,9	1,4	15.069	2.233	-83



Graf 4 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).

3.2.5. Snið 5




Mynd 14 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022.

Snið 5 var í frekar slæmu ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 14), eftir töluvert landbrot veturinn á undan. Fjaran við sniðið var 22,6 m á breidd og með rúmmál upp á 4.533 m/m. Breiddin fór minnst í 11,4 m og rúmmálið í 2127 m/m í nóvember, en endar í 27,2 m á breidd og rúmmál upp á 3.802 m/m. Sniðið lengdist því um 4,6 m á mælingaárinu en rúmmálið minnkar um 731 m/m (tafla 11). Þá hélt landbrot við

sniðið áfram og var 13,2 metrar yfir tímabilið, og átti mesta landbrotið sér stað á milli mælinganna í janúar og febrúar. Fjaran við sniðið er enn tiltölulega stutt og brött, og því hætta á að landbrotið sem hefur átt sér stað síðastliðin tvö ár haldi áfram, þrátt fyrir að breidd og rúmmál hafi haldist nokkuð stöðugt seinni part mælingaársins (graf 5)


Tafla 9 sýnir breytingar á rúmmáli, breidd og landbroti við snið 5 á tímabilinu

Snið 5	breidd (m)	mismunur frá ágúst (m)	mismunur milli mánaða (m)	Rúmmál (m/m)	mismunur frá ágúst (m/m)	mismunur milli mánaða (m/m)
ágúst 2022	22,6			4.533		
sept 2022	39,2	16,6	16,6	4.967	434	434
október 2022	48,7	26,1	9,5	5.796	1.263	829
nóvember 2022	11,4	-11,2	-37,3	2.127	-2.406	-3.669
desember 2022	21,5	-1,1	10,1	2.407	-2.126	280
janúar 2023	14,1	-8,4	-7,3	2.289	-2.244	-118
febrúar 2023	25,1	2,5	11,0	3.470	-1.063	1.181
mars 2023	15,0	-7,6	-10,1	2.406	-2.127	-1.064
apríl 2023	16,9	-5,7	1,9	2.619	-1.914	213
maí 2023	13,7	-8,9	-3,2	2.337	-2.196	-282
júní 2023	13,7	-8,9	0,0	2.985	-1.548	648
júlí 2023	28,5	5,9	14,8	3.337	-1.196	352
ágúst 2023	27,2	4,6	-1,3	3.802	-731	465



Graf 5 sýnir breytingar á rúmmáli (rauð lína) og fjörubreidd (blá lína), ásamt hallalínu þeirra breytinga (græn lína).

3.2.6. Snið 6




Mynd 15 sýnir umfang breytinga yfir mælingaárið ásamt yfirborði fjörunnar við mælingarnar í ágúst 2021 og ágúst 2022.

Snið 6 var í slæmu ásigkomulagi í upphafi mælinga (mynd 15), eftir landbrot veturinn á undan. Sniðið var 50,0 m á breidd og með rúmmál upp á 6.120 m/m. Breiddin fór minnst í 4,5 m og rúmmálið í 2.101 m/m í apríl, en endar í 28,6 m á breidd og rúmmál upp á 3.503 m/m. Sniðið styttist því um 21,4 m á mælingaárinu og rúmmálið minnkar um 2.617 m/m (tafla 12). Þá varð einnig töluvert landbrot, eða 20,1

